

Framkvæmdastyrkir til íþróttá og tómsfundafélaga í Borgarbyggð

1. gr.

Styrkirnir bera heitið Styrkir vegna Framkvæmda íþróttá og tómsfundamála og er heimili og varnarþing þeirra í ráðhúsi Borgarbyggðar.

2. gr.

Tilgangur þeirra er að styrkja við einstakar framkvæmdir hjá íþróttá- og tómsfundafélögum innan Borgarbyggðar til uppbyggingar eða viðhalds á fasteignum eða athafnasvæði félagsins sem Borgarbyggð kemur ekki að rekstri að öðru leyti og er í eigu félaga eða félagasamtaka innan Borgarbyggðar.

3. gr.

Framlög eru ákveðin á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert.

4. gr.

Byggðaráð fer með úthlutun að fenginni umsögn fjölskyldusviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

5. gr.

Umsóknum skal skilað inn á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á íbúagátt á heimasíðu Borgarbyggðar. Umsóknir skulu berast fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutun fara fram ekki síðar en 15. maí sama ár. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að um íþróttá-, ungmenna- eða tómsfundafélag innan Borgarbyggðar sé að ræða. Umsóknaraðili þarf að reka sértæka aðstöðu eða húsnæði innan sveitarfélagsins sem Borgarbyggð hvorki á eða rekur og leggur ekki til framkvæmdarfé á fjárhagsáætlun. Umsókninni þarf að fylgja tímasett framkvæmda- og kostnaðaráætlun og ársreikningur félagsins. Einnig þarf að koma skýrt fram hvert er markmið framkvæmdarinnar.

6. gr.

Styrkurinn skal auglýstur á heimasíðu sveitarfélagsins og í að minnsta kosti einum miðli sem fer inn á öll heimili sveitarfélagsins.

7. gr.

Styrkurinn greiðist í tvennu lagi, 50% við tilkynningu um styrkveitingu og 50% þegar lokaskýrsla hefur borist byggðarráði. Verði verkið ekki framkvæmt skal styrkurinn endurgreiðast að fullu. Vinnist verkið ekki eins og fram kom í upphaflegri styrkbeiðni verður að koma skýrt fram í lokaskýrslu hversvegna svo er og rökstuðningur að fylgja.

Framvindu- eða lokaskýrslu skal skilað eigi síðar en 30. nóvember sama ár og styrkur er veittur.

Heimilt er að gefa frest á skilum á lokaskýrslu um eitt ár ef fram kemur rökstudd beiðni þar um fyrir 30. nóvember.

8. gr.

Hámarksstyrkur er kr. 2.000.000 og getur hvert verkefni að hámarki verið stutt 3 ár í senn. Sjálfboðavinna er metin að fullu sem vinna.

9. gr.

Hægt er að sækja um styrki til verkefna sem eru nú þegar í gangi eða eru áformuð. Ekki er úthlutað vegna verkefna þar sem framkvæmdum er lokið.

10. gr.

Við úthlutun á styrk skal eftirfarandi reglum fylgt til að fá úr því skorið hvort framkvæmdin teljist styrkhæf.

- Að um sé að ræða skilgreint íþrótt og/eða tómsundafélag sem standi fyrir framkvæmdinni.
- Að félagið eigi lögheimili í Borgarbyggð og sé opið öllum.
- Að framkvæmdin bæti aðstöðu og/eða auki möguleika á að fjölga iðkendum í viðkomandi félagi.
- Að félagið hafi fjárhagslega eða félagslegan styrk til að standa að framkvæmdum og rekstri þess sem á að framkvæma enda komi það fram í áætlun sem fylgi með umsókn.
- Að starfsemin falli vel að markmiðum sveitarfélagsins um íþróttir og tómsundir sem birtast í stefnum þess. Þar má nefna bæði Íþrótt og tómsundastefnu og Heilsueflandi samfélag.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 8. apríl 2019